

Reglugerð um tímabundið bann við veiðum á tveimur svæðum í Jökuldýpi.

1. gr.

Allar veiðar á tveimur litlum svæðum í Jökuldýpi eru bannaðar á tímabilinu frá og með 27. ágúst til og með 15. nóvember 2020, vegna atferlisrannsóknna Hafrannsóknastofnunar á humri.

Svæðin eru sýnd á korti í fylgiskjali og afmarkast af eftirfarandi hnitum:

Innra svæði:

1. 64°32,00'N - 23°11,00'V
2. 64°34,00'N - 23°11,00'V
3. 64°34,00'N - 23°15,00'V
4. 64°32,00'N - 23°15,00'V

Ytra svæði:

1. 64°27,00'N - 23°56,00'V
2. 64°29,00'N - 23°56,00'V
3. 64°29,00'N - 24°00,00'V
4. 64°27,00'N - 24°00,00'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. ágúst 2020.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.

Fylgiskjal.

(sjá PDF-skjal)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.